um breyting á lögum nr. 97 31. desember 1975 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við eignarskattsálagningu fyrir skattárið 1975 skal verðmæti fasteigna til eignarskatts reiknað á 2,7-földu gildandi fasteignamatsverði þrátt fyrir ákvæði A-liðar 22. gr. laga nr. 68/1971. Ákvæði þessi hafa eigi áhrif á heildarfyrningarverð fasteigna, sbr. lokamálsgrein B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973.

Fjárhæðir í skattstiga í tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 1 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0,6% og af þeirri skattgjaldseign sem þar er fram yfir greiðist 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts fyrir skattárið 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 97 31. desember 1975 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að vegna breytinga á virði fasteigna til eignarskatts, sem gerð var með lögum nr. 97/1975, megi vænta þess að framteljendur, er eigi hafa borið eignarskatta af íbúðarhúsnæði til þessa, muni nú bætast í hóp gjaldenda eignarskatts.

Þar sem undirbúningi að álagningu gjalda fyrir skattárið 1975 er um það bil að ljúka hjá skattstjórum ber brýna nauðsyn til að gera nú þegar ráðstafanir til þess að unnt sé að breyta álagningu eignarskatts, þannig, að þeir framteljendur sem ekki hafa átt meiri eignir en svo að þær hafa verið eignarskattsfrjálsar verði nú ekki skattlagðir af þeim eignum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við eignarskattsálagningu fyrir skattárið 1975 skal verðmæti fasteigna til eignarskatts reiknað á 2,7-földu gildandi fasteignamatsverði þrátt fyrir ákvæði A-liðar 22. gr. laga nr. 68/1971. Ákvæði þessi hafa eigi áhrif á heildarfyrningarverð fasteigna, sbr. lokamálsgrein B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973.

Fjárhæðir í skattstiga í 1. tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 700 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 1 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0,6% og af þeirri skattgjaldseign sem þar er fram yfir greiðist 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts fyrir skattárið 1975.

Gjört í Reykjavík 5. júlí 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.